

Drög að breyttum FYRIRMÆLUM UM FRÁGANG OG VÖKTUN

Urðunarstaður Fíflholtum

Sorpurðun Vesturlands hf.¹

Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes

Kt.: 530697–2829

1.1 Fyrirmæli um frágang og vöktun

Umhverfisstofnun gefur eftirfarandi fyrirmæli um frágang og vöktun eldri urðunarstaðar Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum, Borgarbyggð, með landnúmer 135995, sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Fyrirmælin taka ekki til nýs urðunarstaðar sem staðsettur er við hlið eldri urðunarstaðarins, sbr. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Þau tvö svæði sem teljast til eldri urðunarstaðarins eru afmörkuð með hnitaskrá í viðauka 1.

1.2 Ábyrgð rekstraraðila

Sorpurðun Vesturlands hf., kt. 530697–2829, ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins í Fíflholtum og vöktun og greiningu vatns í nágrenni hans, sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003.

Sorpurðun Vesturlands hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar um vöktun skal Umhverfisstofnun láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila. Starfsleyfistrygging rekstraraðila skal þá leyst út til greiðslu verksins.

Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu þessara fyrirmæla um frágang og vöktun og aflýsingu þeirra að vöktunartímabili loknu, sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003.

1.3 Starfsleyfistrygging

Rekstraraðili hefur lagt fram tryggingu í formi bundins reiknings 0326-18-933527. Upphæð tryggingarinnar skal vera kr. 10.000.000.

¹ Fyrirmæli þessi voru upphaflega gefni út 11. júní 2014 en var breytt xx.xx 2017.

1.4 Frágangur urðunarstaðarins

Rekstraraðili skal haga frágangi í samræmi við þær ráðstafanir sem kynntar eru í lokunaráætlun sem lögð var fram 17. mars 2014.

Ljúka skal öllum frágangi á urðunarstaðnum fyrir 1. janúar 2015.

Rekstraraðila ber jafnframt að haga frágangi í samræmi við deiliskipulag.

Rekstraraðila ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar innan mánaðar frá því að frágangi urðunarstaðarins lýkur að fullu.

1.5 Sigvatn

Safna skal sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt í [útrásarskurð]². [Skurðurinn]³ telst ekki þynningarsvæði og skal því í hreinsivirki hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að tryggt verði að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í [skurðinum]⁴, sbr. 3. mgr.[⁵ Ef notuð eru íblöndunarefni við efnafræðilega hreinsun sigvatnsins skal tryggja að þau berist ekki í [skurðinn]⁶.

Halda skal sigvatnskerfi eldri urðunarstaðarins að fullu aðskildu frá sigvatnskerfi nýs urðunarstaðar sem staðsettur er við hlið hans.

Fyrir [útrásarskurð]⁷ gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Fyrir aðra efnisþætti en þar er getið skal tryggja að ástand vatns í [skurðinum]⁸ versni ekki við innrennsli sigvatns, þ.e. að vatnið falli ekki niður um flokk í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Safna skal sigvatninu þar til mengunarhætta stafar ekki lengur af því og Umhverfisstofnun hefur ákveðið að söfnun þess skuli hætt.

1.6 Hauggas

Urðunarstaðurinn fellur undir tl. 4.2.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003. Því er ekki gerð krafa um söfnun hauggass eftir lokun urðunarstaðarins. Jafnframt er ekki gerð krafa um sýnatöku og mælingar á hauggasi, sbr. tl. 4.2.6 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003.

1.7 Fyrirkomulag vöktunar

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði:

² Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlæk“

³ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlækur“

⁴ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlæk“

⁵ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Heimilt er að nýta sigvatnsskurð á milli hreinsivirkis og Norðlækjar sem þynningarsvæði.“

⁶ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlæk“

⁷ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlæk“

⁸ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlæk“

1. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig): Árleg mæling.
2. Niðurstöður mælinga á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti, sbr. gr. 1.8.
3. Magn úrkomu: Daglega og mánaðarúrkoma.
4. Hitastig: Meðalhiti mánaðar.
5. Uppgufun: Daglega og mánaðaruppgufun.
6. Loftraki: Meðalraki mánaðar.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

Rekstraraðili skal skila niðurstöðum framangreindra skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda viðkomandi heilbrigðisnefnd.

1.8 Mælingaáætlun

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni og seti þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, grunnvatn, yfirborðsvatn og lækjarset samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Mæliþættir	Tíðni
Magn og eiginleikar sigvatns	a) neðan hreinsivirkis fyrir reinar 1–3 b) neðan hreinsivirkis fyrir sláturúrgangsgryfjur	Rennsli, hitastig, leiðni, pH	Tvisvar á ári; fyrir 1. júlí og 31. des.
Samsetning sigvatns	a) neðan hreinsivirkis fyrir reinar 1–3 b) neðan hreinsivirkis fyrir sláturúrgangsgryfjur	Súrefnisþörf (COD), uppleyst lífrænt kolefni (DOC), ammóníum (NH_4^+), nítrat (NO_3^-), köfnunarefni (N_{heild}), fosfór (P_{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl^-), flúoríð (F^-), súlfat (SO_4^{2-}), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 31. des.
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. júlí og 31. des.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH_4^+), nítrat (NO_3^-), fosfór (P_{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Annað hvert ár (fyrst 2014); fyrir 31. des.

Magn og samsetning yfirborðsvatns	[Útrásarskurður] ⁹ : a) ofan við innrennsli sigvatns b) neðan við innrennsli sigvatns*	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, svifagnir, uppleyst súrefni (O ₂), líffræðileg súrefnisþörf (BOD ₅), köfnunarefni (N _{heid}), ammóníum (NH ₄ ⁺), níturat (NO ₃ ⁻), fosfór (P _{heid}), fosfat (PO ₄ ⁻³), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), kopar (Cu), sink (Zn), króm (Cr), nikkel (Ni), arsen (As)	Einu sinni á ári; fyrir 31. des.
Mengunarefni í [seti] ¹⁰	[Útrásarskurður] ¹¹ : a) fínkornótt botnset ofan við innrennsli sigvatns b) fínkornótt botnset neðan við innrennsli sigvatns*	Blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), lífræn halógensambönd (AOX)	Fjórða hvert ár (fyrst 2015); fyrir 31. des.

*Taka skal sýni innan við 5 m frá innrennsli sigvatns.

Mælibrunnar skulu staðsettir í samráði við Umhverfisstofnun.

Heimilt er að samnýta mælingar á grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti sem gerðar eru á grundvelli starfsleyfis nýs urðunarstaðar sem staðsettur er við hlið urðunarstaðarins sem þessi fyrirmæli taka til.

1.9 Tilkynningaskylda vegna mengunar

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta. Þær aðgerðir skulu vera á kostnað rekstraraðila, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

1.10 Gildistími og endurskoðun vöktunar

Fyrirmæli þessi gilda til 11. júní 2044.

Umhverfisstofnun skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti, sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 55/2003.

Reykjavík, [xx.xx.2017]¹²

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

⁹ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlækur“


¹⁰ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „lækjarseti“

¹¹ Tillaga að breytingu á fyrirmælum 2017. Áður stóð hér „Norðlækur“

¹² Fyrirmæli þessi voru upphaflega gefni út 11. júní 2014 en var breytt xx.xx 2017. Tillaga að breytingu á fyrirmælum í 2017. Áður stóð hér „11. júní 2014“

Viðauki 1

Neðangreind svæði teljast til eldri urðunarstaðar (ISN93):




Hnitaskrá afmörkunarsvæðis

Heildar flatarmál 37.585 m²

NUMER	X-hnit	Y-hnit
1	350226.845	469797.975
2	350257.358	469774.426
3	350104.244	469542.477
4	349953.612	469313.665
5	349920.620	469335.384
6	349982.724	469430.632
7	349958.030	469445.861
8	349966.300	469458.423
9	349943.625	469473.351
10	350015.107	469581.934
11	350086.590	469690.517
12	350109.265	469675.589
13	350124.842	469699.251
14	350150.662	469682.253
15	350190.283	469737.583
16	350219.289	469786.922

Hnitaskrá V: \07\07186\teikn\
U25.001-HNITASKRÁ.TXT
Dags. 21/05/13



Hnitaskrá afmörkunarsvæðis sláturúr

Heildar flatarmál 22.673 m²

NUMER	X-hnit	Y-hnit
1	349955.906	469609.877
2	349875.070	469488.404
3	349843.780	469442.310
4	349833.566	469419.556
5	349829.561	469397.862
6	349835.636	469336.045
7	349757.008	469269.290
8	349741.439	469282.627
9	349728.366	469342.162
10	349729.264	469348.265
11	349738.762	469374.846
12	349784.777	469446.190
13	349833.177	469517.198
14	349874.770	469577.713
15	349877.065	469575.989
16	349900.420	469607.090

Hnitaskrá V: \07\07186\teikn\
HNITASKRÁ_SLATUR
Dags. 26/05/13